

LANDSKJÖRSTJÓRN

Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Patreksfirði

Reykjavík 30. júní 2022

Kostnaður við sveitarstjórnarkosningarnar 14. maí 2022

Landskjörstjórn er samkvæmt 1. mgr. 12. gr. kosningalaga nr. 112/2021 sjálfstæð stjórnarsýslunefnd sem hefur yfirumsjón með framkvæmd kosninga og annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 1. mgr. 139. gr. laganna greiðist kostnaður við sveitarstjórnarkosningar, þ.m.t. kostnaður við kjörgögn og áhöld er landskjörstjórn lætur í té af sveitarfélögum.

Landskjörstjórn hefur tekið saman kostnað vegna sveitarstjórnarkosninganna og skiptist hann að meginstefnu í þrennt:


1. Kostnaður vegna utankjörfundargagna, s.s. prentun kjörseðla, kjörseðlisumslaga, sendiumslaga, fylgibréfa og kosningaleiðbeininga á utankjörfundarstöðum. Miðast kostnaður við fjölda greiddra atkvæða utan kjörfundar í hverju sveitarfélagi.
2. Kostnaður vegna kjörgagna á kjördegi, svo sem kosningaleiðbeiningar (veggspjöld) á þremur tungumálum, sérprentun laga- og reglugerða á handhægu formi, atkvæðailát, atkvæðaumslög o.fl., auk þökkunar- og sendingarkostnaðar ef við á. Hvorki er reiknaður kostnaður fyrir leiðbeiningarrit um mat á vafaatkvæðum né fyrir innsigliðborða þar sem þau gögn voru til á lager.
3. Kostnaður vegna síma til að skanna rafræn ökuskírteini. Símtækin voru fjármögnuð af og eru í eigu ríkisins en gert er ráð fyrir að þau nýtist við fleiri kosningar. Reiknað er hóflegt leigugjald af hverju símtæki, 250 kr., að viðbættu leigugjaldi Símans fyrir stafrænt gagnakort er nam 750 kr. Samtals 1.000 kr. fyrir hvern síma.

Landskjörstjórn hefur átt fundi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem hefur ekki gert athugasemdir við kostnaðargreiningu landskjörstjórnar. Á grundvelli þessa mun landskjörstjórn á næstu dögum senda sveitarfélaginu rafrænan reikning fyrir umræddum kostnaði. Hér má sjá sundurliðun hvers kostnaðarliðar fyrir sig:

Sveitarfélag	Kostnaðarliður 1	Kostnaðarliður 2	Kostnaðarliður 3	Samtals
Vesturbyggð	17.669	50.918	3.000	71.587

Um leið og landskjörstjórn þakkar gott samstarf við undirbúning og framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna er bent á að sé óskað frekari upplýsinga má senda fyrirspurn á netfangið postur@lks.is.

F.h. landskjörstjórnar



Indriði Björn Ármannsson